

# Matvælaráðuneytið

---

## Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**  
Dags: **18.10.2022**  
Boðaðir: **Kolbeinn Óttarsson Proppé, Valgerður Sigurðardóttir, Sigurgeir Bárðason, Þorgils Torfi Jónsson**  
Fundarmenn: **Allir mættir**  
Bréfalykill: **02.02.03 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð - Fiskeldi**  
Málsnúmer: **MAR22030127**

Efni: 7. fundur - Umhverfissjóður sjókvíaeldis - stjórn 2022-2026

### Frásögn af fundi

#### Dagskrá fundar:

##### 1. Seinni greiðsla v. verkefna ársins 2021 og 2015

Stjórn fjallaði um hvort greiða skyldi út seinni greiðslu vegna verkefna ársins 2021. Stjórnarmeðlimir töldu að framvindu-/lokaskýrslur sem skilaðar höfðu verið til sjóðsins vegna verkefna ársins 2021 uppfylltu skilyrði sjóðsins. Var því samþykkt að greiða út seinni greiðslu til þeirra verkefna sem skilað höfðu inn framvindu-/lokaskýrslum. Var ákvörðun stjórnar í samræmi við ráðgjöf utanaðkomandi sérfræðinga sem höfðu áður farið yfir loka-/framvinduskýrslur.

Ein lokaskýrslan varðaði verkefni sem fékk úthlutað styrk árið 2015. Stjórnarmeðlimir voru sammála um að skýrsluskilin væru mjög sein en að lokaskýrslan uppfyllti að öðru leyti skilyrði sjóðsins. Jafnframt leit stjórnin til fyrri samskipta sem höfðu átt sér stað í sambandi við verkefnið en samkvæmt þeim samskiptum hafði fyrri stjórn ekki sett út á það að umsækjandi fengi frest til að skila lokaskýrslu.

##### 2. Önnur mál

Rætt var um endurskipulagningu sjóðsins. Helstu mál sem voru rædd voru eftirfarandi:

- Hvort að framvindu-/lokaskýrslur ættu að vera á íslensku eða ensku. Jafnframt var velt því upp hvort að umsóknir ættu að vera á íslensku.

- Að gæta þurfi varhugar við því þegar að umsækjendur skerði verkefni hjá sér eftir úthlutun hefur átt sér stað. Á þetta sérstaklega við um þegar verkefni fá ekki fullan styrk.

### Niðurstaða og ákvarðanir

Stjórn samþykkti að greiða seinni greiðslu v. verkefna sem höfðu fengið úthlutað árið 2021 og höfðu sent inn loka-/framvinduskýrslu áður en stjórnarfundurinn var haldinn.

### Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

Nr.	Efni	Ábyrgur starfsmaður	Dags. rætt	Áætluð lok	Lokað
1.	Setja umsóknir fyrir árið 2022 inn á TEAMS svæði stjórnar	Hjalti			<input type="checkbox"/>
2.	Fá upplýsingar um Matvælasjóð	Hjalti			<input type="checkbox"/>
3.	Setja inn samninga fyrir árið 2022	Hjalti			<input type="checkbox"/>